



Akureyri, 17. febrúar 2026

Efni: Umsögn frá Akureyrarbæ 2026020490 - Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Akureyrarbær styður markmið um aukið samræmi, einföldun og skilvirkni í opinberu eftirliti, en telur að fyrirbyggjandi frumvarp uppfylli ekki þau markmið og feli í sér óásættanlega óvissu og kostnaðarauka fyrir sveitarfélög, íbúa og atvinnulíf á landinu öllu.

Akureyrarbær telur nauðsynlegt að ráðherra fresti framgangi frumvarpsins í núverandi mynd þar til liggur fyrir skýr greining á áhrifum, kostnaði og raunhæfum valkostum. Þá verði byggðasjónarmið sérstaklega tekin inn í lagatextann með bindandi ákvæðum um fjölda og staðsetningu starfseininga Umhverfis- og orkustofnunar og nýrrar matvælastofnunar um land allt, þannig að tryggt sé að störf og þjónusta haldist á landsbyggðinni en dragist ekki að meginstarfstöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

Engin heildstæð greining á áhrifum og kostnaði á ríki, sveitarfélög né notendur

Af greinargerð frumvarpsdraganna má ætla að ekki hafi verið unnið formlegt kostnaðarmat og aðeins talað um að áhrifin á fjárhag sveitarfélaga séu metin takmörkuð. Það er þrátt fyrir að undirbúningshópurinn hafi sjálfur áætlað að kostnaður gæti numið hundruðum milljóna króna. Ekki liggur fyrir hvernig lífeyrisskuldbindingar, biðlaun og breytingakostnaður skiptast milli ríkis og sveitarfélaga né hvaða forsendur liggja að baki áætlunum um sparnað eða hagræðingu.

Þá liggur ekki fyrir kostnaðargreining á áhrifum á notendur þjónustunnar – íbúa, rekstraraðila og sveitarfélög – hvorki um kostnaðaraukningu né þjónustustig, en ljóst er að búast má við verulegri kostnaðaraukningu fyrir þessa aðila, sérstaklega þá sem eru úti í dreifðari byggðum sem auk gjaldskrárhækkana þurfa nú að fá til sín fleiri aðila en áður til að sinna eftirliti.

Þannig má taka sem dæmi að samkvæmt eftirlitsskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE) eru 164 starfsstöðvar sveitarfélaga á svæðinu sem munu færast undir eftirlit ríkisins, m.a. vatnsveitur, fráveitur, sundlaugar, íþróttahús, skólar, leikskólar og fleiri lykilinnviðir. Af þeim eru 47 starfsstöðvar sem munu fá heimsókn bæði frá Umhverfis- og orkustofnun og frá sameinaðri ríkisstofnun á matvælasviði, í stað eins staðbundins heilbrigðiseftirlits áður. Þá má gera ráð fyrir að skólar og leikskólar fái jafnvel fleiri en eina heimsókn frá Umhverfis- og orkustofnun, t.d. ein vegna lóðar og leiktækja og aðra vegna húsnæðis og aðbúnaði innanhúss.

Þetta sýnir að í reynd er verið að flækja hlutina og fjölga eftirlitsaðilum fyrir marga aðila, bæði fyrir sveitarfélög og atvinnulíf, þvert á málflutning um einföldun og hagræðingu. Við höfum enn engar upplýsingar um hvernig gjaldskrár ríkisins munu líta út, en ljóst er að þetta er stór óvissuþáttur fyrir þjónustuþega um land allt og hætta á verulegum kostnaðarauka miðað við núverandi gjaldskrár heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.

Auk þess byggir fjöldi gildandi samþykktar sveitarfélaga á Norðurlandi eystra á núverandi fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits, m.a. um sorphirðu, gæludýrahald, umgengni og þrifnað, götumarkaði, rotþrær, frjálsa og leyfisskylda starfsemi og lögreglusamþykktir. Slíkar samþykktir munu annað hvort krefjast umfangsmikillar endurskoðunar eða verða erfiðari í framkvæmd ef frumvarpið nær fram að ganga án skýrra heimilda og úrræða fyrir sveitarfélög sjálf.

Akureyrarbær telur að ekki sé unnt að taka upplýsta afstöðu gagnvart frumvarpinu fyrr en þessum atriðum hefur verið svarað með formlegu og heildstæðu kostnaðar- og áhrifamati, sem unnið er í nánú samráði við sveitarfélög og samtök þeirra.

Óvissa um verkefni, úrræði og samstarf sveitarfélaga

Akureyrarbær vekur athygli á að óljóst er nákvæmlega hvaða verkefni sitja eftir hjá sveitarfélögunum og hvernig þau verða fjármögnuð. Fyrir liggur að sveitarfélög fái ekki sömu þvingunarheimildir og heilbrigðisnefndir hafa nú til að bregðast við t.d. slæmri umgengni, bílhræjum og brotum á samþykktum, þrátt fyrir að þessi mál eigi áfram eftir að lenda á borði sveitarstjórna. Sveitarfélögin hafa ítrekað óskað eftir frekari heimildum til þess að bregðast við þessum vanda sem stækkar bara hjá all flestum sveitarfélögum. Í greinargerð frumvarpsins er aðeins vísað til að sveitarfélögin hafi heimildir til þess að gera kröfu um ráðstafanir vegna umgengni og umhirðu utan húss, en þvingunarúrræði verða væntanlega á höndum Umhverfis- og orkustofnunar. Í ljósi reynslunnar er skýr þörf á að styrkja frekar þvingunarheimildir vegna umgengni utan húss, t.a.m. vegna bílhræja heldur en að veikja þær.

Þá gerir frumvarpið ekki grein fyrir skýrum heimildum sveitarfélaga til sameiginlegrar fagþjónustu um þau verkefni sem sitja eftir, þrátt fyrir að slíkt samstarf – líkt og á vettvangi HNE – hafi reynst vel bæði faglega og fjárhagslega. Það er alvarlegt skref aftur á bak ef sveitarfélög þurfa í framtíðinni að byggja upp slíka þjónustu hvert fyrir sig, án skýrrar heimildar til svæðisbundins samstarfs.

Akureyrarbær telur því brýnt að áður en frumvarpið verður afgreitt verði; skilgreind tæmandi upptalning verkefna sem sitja eftir hjá sveitarfélögum, tryggðar skýrar þvingunar- og gjaldtökuheimildir sveitarfélaganna í lögum, og skýr heimild verði til svæðisbundins samstarfs sveitarfélaga um þessi verkefni.

Byggðasjónarmið

Út frá byggðasjónarmiðum er sérstaklega alvarlegt að ekki er bundið í lagatextann að starfsstöðvar og störf verði áfram staðsett á landsbyggðinni, heldur aðeins vísað til þess í greinargerð að störf verði „vítt og breitt um landið“. Það skapar verulega hættu á að sérfræðistörf sem nú eru í dreifðum byggðum dragist smám saman að meginstarfstöðvum stofnana á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir Norðurland eystra myndi fækkun staðbundinna starfa og sérfræðinga í eftirliti hafa bein áhrif á aðgengi íbúa og fyrirtækja að þjónustu. Þannig gæti orðið erfiðara að fá hraða og gagnlega ráðgjöf um leyfi, kvartanir og mengunaróhöpp, auk þess sem viðbragðstími gæti

lengst sérstaklega í dreifðum byggðum. Þá er hætta á að staðþekking á aðstæðum, vatnsvernd, innviðum og atvinnulífi veikist. Í ofan á lag er hætta á auknum kostnaði og ójöfnu aðgengi að þjónustu fyrir íbúa og fyrirtæki á Norðurlandi þar sem ferðakostnaður og tími sem fer í samskipti við miðlægar stofnanir eykst. Þá verða eftirlitsgjöld ríkisstofnana að öllum líkindum hærri en nú er, auk þess sem flóknari boðleiðir geta kallað á meiri aðkeypta ráðgjöf eða innri mannafla hjá sveitarfélögunum.

Jafnframt verður að hafa í huga að sveitarfélög njóta samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár sjálfstjórnar og ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Viðamiklar tilfærslur verkefna frá sveitarfélögum til ríkis, án vandaðs samráðs og skýrra raka um nauðsyn og meðalhóf, geta grafið undan raunverulegri sjálfstjórn sveitarfélaga og dregið úr lýðræðislegri aðkomu kjörinna fulltrúa að lykilákvörðunum um umhverfis-, hollustuhátta- og matvælamál í nærumhverfi íbúa.

Akureyrarbær telur framangreint óviðunandi og gerir kröfu um að, verði haldið áfram á þessari braut, verði fjöldi starfa og staðbundinna starfseininga skilgreindur og tryggður í lögum (ekki aðeins í greinargerð) og að kostnaður og aðgengi að þjónustu fyrir íbúa og fyrirtæki á landsbyggðinni verði sérstaklega metin og tryggt að breytingar færi ekki kostnað og byrðar óhóflega frá ríki yfir á sveitarfélög og þjónustuþega.

Niðurstaðan: Flóknara kerfi og fjölgun eftirlitsaðila

Í greinargerð er viðurkennt að til séu að minnsta kosti tvær megin sviðsmyndir; allt eftirlit fært til ríkisstofnana, eða eftirlit áfram svæðisbundið með styrktu hlutverki ríkis í samræmingu. Í frumvarpsdrögunum er róttækari leiðin valin án þess að rökstutt sé með fullnægjandi hætti hvers vegna ekki er valin vægari og ódýrari leið 2, sem er í betra samræmi við meðalhóf og ábendingar ESA um samræmingu og sameiginlegt upplýsingakerfi. Frumvarpið er kynnt sem „einföldun“, en í reynd er verið að færa eftirlit frá einu staðbundnu heilbrigðiseftirliti til tveggja ríkisstofnana, auk þess sem sveitarfélög halda eftir hluta verkefna.

Fyrir marga rekstraraðila þýðir þetta að í stað eins aðila verða allt að þrír eftirlitsaðilar (UOS, MAST og sveitarfélag), með auknu flækjustigi, lengri boðleiðum og aukinni hættu á tvíverknaði og augljósri kostnaðaraukningu. Þá liggur fyrir að óvissa um fyrirhugaðar breytingar hefur þegar skapað hættu á þjónusturofi og brotthvarfi sérhæfðs starfsfólks hjá heilbrigðiseftirlitum. Að fara í miklar kerfisbreytingar án fullnægjandi undirbúnings og áætlunar um yfirfærslu verkefna, starfsmanna og þekkingar, er veruleg áhætta. Hreinlegra og einfaldara væri, ef ráðuneytið er ákveðið í að velja þessa leið, að ríkið tæki yfir verkefnin í heild í stað þess að hanna kerfi þar sem verkefnum er skipt upp milli margra aðila og eftirlitsgjöld og flækjustig aukast fyrir íbúa og fyrirtæki.

Virðingarfyllst fyrir hönd bæjarstjórnar,

A handwritten signature in blue ink is written over a circular official stamp. The stamp features a blue eagle emblem in the center, with the text "BÆJARSTJÓRNIN" at the top and "AKUREYRI" at the bottom.

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri